

LISTIR

Náttúran innra sem ytra

MYNDLIST

Listasafn Íslands

MÁLARA- og HÖGGMYNDALIST

Opið þriðjudaga til sunnudaga frá kl. 11–18. Aðgangur kr. 300. Ókeypis á miðvikudögum.

STYRKUR Íslendingans og veikleiki felst í nánnum tenglum hans við náttúruna. Óviða eru áhrif náttúrunnar á evrópska menningu eins afgerandi og einmitt hjá okkur. Þau lama okkur og smætta en fylla okkur um leið ómældu stolti. Við teljum okkur góða að hafa kom-

ist af í jafnóblíðu umhverfi í allar þær aldir sem liðnar eru frá því við settumst hér að, en um leið viðurkennum við fullkominn vanmátt okkar gagnvart landinu. Þegar við tökum móti erlendum gestum gerum við eins mikið úr náttúru þess og sérstæðri fegurð en höldum sjálfum okkur til hlés sem lítilsverðum og uppburðarlitlum ábúendum forkunnarfagurrar paradísareyjar.

Landið er allt, en við ekkert, líkt og læðist aftan að okkur sem ónotalegur grunur þegar við hlýðum á lofsönginn sem við tökum okkur fyrir þjóðsöng eftir að við fengum stjórnarskrána. Við reynum að visu að bera okkur vel; tíunda bók-

menntir okkar og ást á bókmenntum – ekki hvað síst fornþókmenninum – en allt slíkt vill fara fyrir ofan garð og neðan hjá gestum okkar vegna þess að bókmenntir okkar eru ekki skrifaðar á útbreiddri tungu og glæsileiki þeirra og gullöld tilheyra löngu liðnum tíma. „Gott og vel með þennan Gunnar ykkar á Hlíðarenda,“ segja gestir okkar, „en hingað erum við komnir til að kynnast ykkur og ykkar menningu; ekki einhverri þúsund ára gamalli lygasögu um misvittra óhappakappa.“

En við erum ekki vanir samræðum, hvað þá að tjá okkur hispurslaust við aðra menn. Sýningin „Náttúruhrif“ sýnir betur en marg-



ÍSLANDSLAG, frá 1944, eftir Svavar Guðnason, er ein af fjölmörgum meistaraverkum á sýningunni „Náttúruhrif“, í Listasafni Íslands.

ar ritgerðir að okkur liður best á eintali við náttúruna. Hamraveggurinn og gljúfrabúinn er í senn

grátmúr okkar og bergmál fegurstu ástarjátninga. Það þarf ekki annað en bera saman sýningarnar í 3. og 4. sal Listasafnsins til að sjá hvað einræðan við náttúruna skiptir okkur miklu meira máli en samræðan við meðbræður okkar.

Tökum sem dæmi litlu og látlausu verkamannaprykkin eftir Guðmund Ármann eða Sigurð Póri. Við hlið ástarjátninga Svavars Guðnasonar – af hverjum Íslandslag, frá 1944, er eflaust þekktasta dæmið – eða dramatískra fossa og pensillóða Nínu Tryggvadóttur og Kristjáns Davíðssonar, hljóma félagsraunsæisfrimerki félaganna beggja eins og blóðlaus svik við málstaðinn. Ljósmyndarar Moggans eru greinilega mun tilfinningaríkari í skotum sínum fyrir auka-bláðið 1. maí, en þeir eitt sinn yfirlýstu rauðliðar voru á hátindi baráttulistar sinnar á öndverðum 8. áratugnum.

Öll verkin á sýningunni sanna að í hjörtum okkar býr bóndi en ekki verkamaður. Það er líka eftirtektarvert hve yfirbragð flestra verkanna er gegnheilt, jafnvel þeirra sem máluð eru af hvað mestum fitonskrafti. Ef náttúrulýsingarnar á sýningunni í Listasafninu eru bornar saman við landslagsmyndir skyldra listamanna, svo sem norska málara Edvards Munchs, verður ljóst hve tíminn í verkum íslenskra málara er miklu meiri og lengri að líða en tími flestra erlendra starfsfélaga þeirra. Svo augljóst er þetta að Ásgerður Búaðóttir sker sig í engu úr hópnum hvað yfirlegu varðar þótt að öðrum kosti bjóði tækni hennar og efniviður upp á miklu lengra sköpunarferli en gengur og gerist meðal listmálara.


Þegar öll kurl koma til grafar stendur sú spurning eftir og krefur okkur um miklu lengra svar en nemur einum svona pistli: „Eru náttúruhrifin utan við okkur eða búa þau hið innra með Íslendingnum?“

Eftir að hafa skoðað þetta ágæta upphengi hlýtur maður að hallast að því að ofurstærð íslenskrar náttúru hafi miklu meiri áhrif á menningu okkar en ætlað verður í fljótu bragði. Ef til vill hitti bandaríski gagnrýnandinn Donald P. Kuspit naglann á höfuðið þegar hann taldi að í íslenskri náttúruabstraksjón – og var þá að fjalla um höggmyndir Jóhanns Eyfells, sem flestir hljóta að sakna þegar þeir gaumgæfa „Náttúruhrif“ – fælist djúpstæð vantrú okkar á menningu og varanleik mannlegra athafna. Er það ekki einmitt þessi vantrú sem við grátum í einrúmi í fjallasalnum frjálsa? Dæmi nú hver fyrir sig með því að gera sér ferð í 4. sal Listasafns Íslands.

Halldór Björn Runólfsson

G A R Ð U R I N N

B L A Ð A U K I



Forsíða blaðaukans/ljóm. Arni Sæberg

Auglýsendur!

Laugardaginn fyrir hvítasunnu mun Morgunblaðið gefa út blaðauka sem heitir **Garðurinn** og verður gefinn út í miðformsstærð.

Meðal efnis:

- Skipulag garðsins
- Sólþallar og verandir
- Tré, runnar, blóm og matjurtir
- Sáning, umhirða og klipping
- Leiðir til að halda illgresi í skefjum
- Vinnuaðstaða garðáhugamannsins
- Lýsing í garði
- Sólstofur
- Viðhald garðhúsgagna
- Vistvæn garðyrkja
- Hellulagnir
- O.fl.

Allar nánari upplýsingar veita sölu- og þjónustufulltrúar á auglýsingadeild í síma 569 1111.

Skilafrestur auglýsingapantana er til kl. 16 föstudaginn 14. maí.

Morgunblaðið

AUGLÝSINGAÐEILD

Sími 569 1111 • Bréfasími 569 1110 • Netfang: augl@mbi.is

Ferðatöskubönd
með nafninu þínu!

Rögn

Ármúla 17a - sími 588 1980